

REGLUGERÐ

um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Með reglugerð þessari eru sett almenn ákvæði um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndum þess um þvingunaraðgerðir á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi.

Ákvæði reglugerðar þessarar eru sett til nánari útfærslu á og skulu gilda um framkvæmd þeirra reglugerða sem eru settar um einstakar þvingunaraðgerðir gegn ríkjum eða öðrum aðilum, nema annað sé tekið fram í þeim.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking hugtaka í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðili er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.

Fjárhagsaðstoð er aðstoð sem tekur m.a. til styrkja, lána og útflutningstrygginga.

Efnahagslegur auður merkir hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.

Fjármunir eru hvers kyns fjáreignir og ágóði, þ.m.t.:

- reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
- inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
- skráð eða óskráð verðbréf og skuldagerningar sem verslað er með í og/eða utan kauphallar, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skirteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviðurkenningar og afleiðusamningar,
- vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af eignum,
- lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfangatryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar,
- ábyrgðir, farmbréf, reikningar,
- skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.

Frysting efnahagslegs auðs merkir að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. með sölu, leigu eða veðsetningu.

Frysting fjármuna merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, millifærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. eignastýring.

Hergögn eru vopn og skotfæri, sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.

Hlutur tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni.

Hlutur með tvíþætt notagildi er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem má bæði nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengjubúnaðar.

Innflutningur tekur til innflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréfsíma eða gegnum síma erlendis frá.

Sölubann gagnvart tilteknu ríki eða landsvæði merkir að bannað er að selja, miðla eða flytja hluti eða þjónustu til þessa ríkis eða landsvæðis, óháð uppruna þeirra, eða til aðila sem eru staðsettir í þessu ríki eða landsvæði, óháð áfangastað þeirra.

Tæknileg aðstoð tekur til tæknilegs stuðnings í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, ráðgjafarþjónustu eða yfirfærslu þekkingar eða kunnáttu. Tæknileg aðstoð getur m.a. verið munnleg.

Útflutningur tekur til útflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, þ.m.t. endurútflutnings, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréfsíma eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.

Vildarlán er lán á hagstæðari kjörum en á almennum markaði.

Viðskiptabann tekur til innflutningsbanns, útflutningsbanns og sölubanns á hlutum og þjónustu.

Þjónusta tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar gegn endurgjaldi eður ei.

Þvingunaraðgerðir eru efnahagslegar eða diplómátískar aðgerðir gegn ríkjum, einstaklingum, lögaðilum eða samtökum sem miða að því að breyta háttsemi þeirra, svo sem broti gegn þjóðarétti, mannréttindum eða lýðræðislegum eða öðrum lagalegum skuldbindingum. Hugtakið tekur einnig til öryggisaðgerða.

Öryggisaðgerðir eru aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir ólögmæta háttsemi og ferðir aðila sem er talið að virði ekki mannréttindi eða lýðræðislegar eða aðrar lagalegar skuldbindingar eða til þess að koma í veg fyrir að hættulegir hlutir eða þjónusta nýtist þeim.

3. gr.

Birting ákvarðana.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur ákvarðanir um þvingunaraðgerðir með ályktunum sem eru birtar á vefsetri þess (http://www.un.org/Docs/sc/unsc_resolutions.html).

Ákvarðanir framkvæmdanefnda öryggisráðsins um þvingunaraðgerðir eru birtar á vefsetri þeirra (<http://www.un.org/sc/committees/>).

Ákvarðanir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir eru birtar á vefsetri þess (http://ec.europa.eu/external_relations/cfsp/sanctions/measures.htm).

Listar, sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, nefndir á vegum þess, alþjóðastofnanir eða ríkjahópar halda yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eru birtir sem fylgiskjal með reglugerðum sem kveða á um þvingunaraðgerðir í B-deild Stjórnartíðinda. Listarnir eru enn fremur birtir á vefsetri utanríkisráðuneytisins (<http://www.utanrikisraduneyti.is/nyr-starfssvid/althjoda-og-oryggissvid/thvingunaradgerdir/>).

4. gr.

Framkvæmd vopnasölubanns.

Vopnasölubann merkir að lagt er bann við sölu, útvegum, flutningi eða útflutningi á hergögnum fyrir milligöngu íslenskra ríkisborgara eða frá Íslandi eða með skipum, sem sigla undir íslenskum fána, eða með íslenskum loftförum, hvort sem þau eru upprunnin á Íslandi eður ei, til viðkomandi aðila eða landsvæða.

Vopnasölubann tekur m.a. til skriðdreka, brynvarinna stríðsfarartækja, stórskotaliðsbúnaðar með mikilli hlaupvidd, orrustuflugvéla, árásarþýrlna, herskipa, flugskeyta og flugskeytabúnaðar, samkvæmt nánari skilgreiningu í skrá Sameinuðu þjóðanna um hefðbundin vopn, sbr. I. viðauka.

Enn fremur er lagt bann við því að:

- veita tæknilega aðstoð, þjálfun, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist hernaðarstarfsemi og útvegum, framleiðslu, viðhaldi og notkun á hergögnum, beint eða óbeint, viðkomandi aðilum vegna notkunar á viðkomandi landsvæðum,
- fjármagna eða veita fjárhagsaðstoð, sem tengist hernaðarstarfsemi, þ.m.t. styrki, lán eða útflutningsgreiðslutryggingar, vegna sölu, útvegunar, flutnings eða útflutnings á hergögnum eða til að veita tengda tæknilega aðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, beint eða óbeint, viðkomandi aðilum eða vegna notkunar á viðkomandi landsvæði,
- taka þátt í starfsemi sem miðar að því að sniðganga bönn sem um getur í a- eða b-lið.

Nú er lagt bann við sölu, útvegum, flutningi eða útflutningi á búnaði sem nota mætti til bælingar innanlands og er hann þá tilgreindur í II. viðauka.

5. gr.

Undantekningar frá vopnasölubanni.

Ákvæði 4. gr. gilda ekki um:

- a. sölu, útvegum, flutning eða útflutning á hergögnum sem eru:
- ekki lífshættuleg og eingöngu eru ætluð í mannúðar- eða verndarskyni,
 - á vegum Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveita þeirra eða hafa verið heimiluð af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna,
 - á vegum íslenskra stjórnvalda eða annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins,
- b. sölu, útvegum, flutning eða útflutning á búnaði fyrir eyðingu jarð- eða klasasprengrja og á hergögnum til nota við eyðingu jarð- eða klasasprengrja,
- c. fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem er tengd þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- d. tæknilega aðstoð sem er tengd þess háttar búnaði eða þess háttar áætlunum og aðgerðum,
- e. sölu, útvegum, flutning eða útflutning á hergögnum eða þjónustu sem því tengist sem framkvæmdanefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur heimilað, eða henni hefur verið tilkynnt um, í samræmi við ákvæði ályktana öryggisráðsins, að því tilskildu að utanríkisráðherra hafi samþykkt slíkan útflutning eða aðstoð fyrirfram.

Ákvæði 4. gr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skothelda jakka og herhjálma, sem starfslið Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveitir á vegum þeirra, aðilar á vegum íslenskra stjórnvalda eða annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, fulltrúar fjölmiðla og starfslið hjálpar- og þróunarstofnana og fylgilið þeirra hefur tímabundið flutt inn til viðkomandi ríkis eða landsvæðis og er eingöngu ætlaður til eigin nota þeirra.

6. gr.

Landgöngubann.

Landgöngubann hindrar ekki komu Íslendinga til landsins.

Ákvæði um landgöngubann eiga ekki við ef þau stangast á við þjóðréttarlegar skuldbindingar, m.a. ef landgangang tengist:

- a. alþjóðlegri ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða sem fram fer á þeirra vegum,
- b. alþjóðasamningi sem kveður á um forréttindi eða friðhelgi.

Ákvæði 2. mgr. gilda jafnframt um starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).

Í þeim tilvikum sem undanþága er veitt fyrir komu einstaklinga, sem landgöngubann á við um, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í.

7. gr.

Framkvæmd frystingar fjármuna.

Þegar fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur tekur frystingin til fjármuna og efnahagslegs auðs sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn viðkomandi aðila.

Frysting fjármuna eða efnahagslegs auðs kemur ekki í veg fyrir að lagðir séu inn á reikninga, sem hafa verið frystir:

- a. vextir eða aðrar tekjur af þessum reikningum eða
- b. greiðslur samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem stofnað var til eða mynduðust áður en þvingunaraðgerðir voru ákveðnar.
- Slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur skulu frystar.

Þegar fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur tekur frystingin einnig til vaxta, arðs og annarra tekna, sem af þeim eða honum hlýst, svo og til greiðslna vegna samninga eða skuldbindinga sem stofnað var til áður en til frystingar kom.

Fjármálafyrirtæki og aðrir aðilar, sem standa að frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, svo sem skráningaraðilar eignarheimilda fasteigna og lausafjár, skulu án tafar tilkynna eigendum og utanríkisráðuneytinu um slíkar ráðstafanir. Fjármálafyrirtæki skulu einnig tilkynna fjármálaeftirlitinu um slíkar ráðstafanir.

Nú eru fjármunir eða efnahagslegur auður aðila frystur og skulu þá engir aðrir fjármunir eða efnahagslegur auður, með beinum eða óbeinum hætti, gerður tiltækur þeim aðila eða honum gert kleift að njóta góðs af þeim fjármunum eða efnahagslegum auði.

Utanríkisráðherra getur heimilað að frystingu sé aflétt að því er varðar fjármuni eða efnahagslegan auð sem er:

- a. nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklinga og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækninga meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b. eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun eða til endurgreiðslu á kostnaði vegna lögfræðipjónustu,
- c. eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða viðhald frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs.

Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur í góðri trú samkvæmt reglugerð þessari skulu viðkomandi aðilar eða starfsmenn þeirra ekki vera bótaskyldir á nokkurn hátt vegna frystingarinnar.

8. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins eða ákvarðana framkvæmdanefnda þess, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

Beiðnum um undanþágur frá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs, banni við innflutningi, útflutningi, komu til landsins eða viðkomu eða öðrum slíkum boðum eða bönnum skal beint til utanríkisráðuneytisins.

Meðferð útflutningsleyfa skal, að svo miklu leyti sem við á, vera í samræmi við ákvæði laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

9. gr.

Heimild.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

I. VIÐAUKI

Vopn samkvæmt skrá Sameinuðu þjóðanna um hefðbundin vopn, sbr. 4. gr.

I. Skriðdrekar.

Sjálfknúð, brynvarið farartæki til þátttöku í bardaga með skriðbeltum eða á hjólum, með mikla hreyfigetu á landi og eigin varnir, sem vegur a.m.k. 16,5 tonn óhlaðið, búið meginbyssu með a.m.k. 75 mm hlaupvídd sem hleypir skoti á miklum hraða beint úr byssukjafti.

II. Brynvarin stríðsfarartæki.

Sjálfknúð, brynvarið farartæki með skriðbeltum eða á hjólum sem hefur mikla hreyfigetu á landi og er annaðhvort a) hannað og búið til þess að flytja flokk sem í eru fjórir fótgönguliðar eða fleiri eða b) búið innbyggðu eða lífrænu vopni sem hefur a.m.k. 20 mm hlaupvídd eða skotbúnaði fyrir flugskeyti gegn skriðdrekum.

III. Stórskotaliðsbúnaður með mikilli hlaupvídd.

Byssa, sprengjuvarpa, stórskotaliðstæki sem sameinar eiginleika byssu og stuttrar fallbyssu (howitzer), sprengjuvörpu eða fjölskotaeldflaugakerfis og getur hæft skotmörk á yfirborði jarðar, einkum með skeytum sem skotið er með óbeinum hætti, og hefur minnst 100 mm hlaupvídd.

IV. Orrustuflugvél.

Löftfar með áföstum vængjum eða vængjum með breytilegu rúmmáli, vopnað og búið til þess að hæfa skotmörk með því að beita stýriflaugum (guided missiles), óstýrðum eldflaugum, sprengjum, byssum, fallbyssum eða öðrum eyðingarvopnum.

V. Árásarþyrla.

Löftfar með hverfivængjum búið til þess að beita stýrðum vopnum gegn brynvörn eða úr lofti á skotmörk á jörðu eða úr lofti á skotmörk í lofti og sem búið er sambyggðu skotstýringar- og miðunarkerfi fyrir þessi vopn.

VI. Herskip.

Skip eða kaþbátur með staðalsærými sem er 850 tonn eða meira, vopnaður eða búinn til hernaðar.

VII. Flugskeyti eða flugskeytakerfi.

Stýrð eldflaug, skotflaug eða lágflugsstýriflaug (cruise missile), sem getur borið sprengiefni vegalengd sem er a.m.k. 25 km, eða farartæki, vélbúnaður eða útbúnaður sem er hannaður eða breytt í því skyni að skjóta slíkum vopnum.

II. VIÐAUKI

Listi yfir búnað sem nota mætti til bælingar innanlands, sbr. 4. gr.

Listinn nær ekki yfir hluti sem hafa verið sérhannaðir eða hefur verið sérstaklega breytt til hernaðarnota.

1. Skotheldir hjálmur, óeirðahjálmur, óeirðaskildir og skotheldir skildir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

2. Sérhannaður tækjabúnaður til fingrafararannsókna.

3. Afstýrð leitarljós.

4. Skotheldar vinnuvélar.

5. veiðihnífar.

6. Sérhannaður búnaður til framleiðslu haglabýssa.

7. Búnaður til þess að handhlaða vopn.

8. Búnaður til að hlera samskipti.

9. Hálfleiðaraljósskynjarar.

10. Myndskerpupípur.

11. Sjónaukasigti fyrir vopn.

12. Vopn með óriffluðu hlaupi og tilheyrandi skotföng, önnur en þau sem eru sérhönnuð til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:

– merkjabýssum,

– loftbyssum og byssum með skothylkjum sem eru gerðar til iðnaðarnota eða til þess að deyfa dýr á mannúðlegan hátt.

13. Hermar fyrir þjálfun í meðferð skotvopna ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra og aukahlutum.

14. Sprengjur og handsprengjur, aðrar en þær sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

15. Líkamshlífar, aðrar en þær sem eru framleiddar eftir hernaðarstöðlum eða -tæknilýsingum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.

16. Ökutæki til sérstakra nota með drifi á öllum hjólum, sem unnt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn, ásamt straumlínulagaðri hlíf fyrir slík ökutæki.

17. Vatnsbyssur, ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra.

18. Ökutæki búin vatnsbyssum.

19. Ökutæki, sem eru sérhönnuð eða er sérstaklega breytt til þess að unnt sé að rafmagna þau í því skyni að hrekja áráðarmenn brott, ásamt íhlutum þeirra sem eru sérhannaðir eða sérstaklega breytt í þeim tilgangi.

20. Hljóðtæknilegur búnaður, sem viðkomandi framleiðandi eða birgir lýsir sem nothæfum til þess að stöðva óeirðir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

21. Fótlæggiðjötrar, keðjur til að hlekkja saman menn, fótjárn og rafstuðsbelti, sérhönnuð til þess að halda aftur af mönnum, að undanskildum:

- handjárnnum að hámarks heildarmáli, að keðju meðtalinni, sem er 240 mm eða minna þegar þau eru læst.

22. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að beita efni sem gerir menn óvirka (t.d. tárágasi eða piparúða), ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

23. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að gefa rafstuð (t.d. rafstuðskylfur, rafstuðsskildir, deyfingarbyssur og rafstuðspílubyssur), ásamt íhlutum hans sem eru sérhannaðir eða er sérstaklega breytt í fyrirnefndum tilgangi.

24. Rafeindabúnaður, sem getur fundið leynd sprengiefni, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans, að undanskildum:

- sjónvarps- eða röntgeneftirlitsbúnaði.

25. Rafeindastýrður truflunarbúnaður sérhannaður til þess að koma í veg fyrir sprengingu með fjarstýrðum rafmerkjum frá skyndigerðum búnaði, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.

26. Tæki og búnaður, sérhönnuð til þess að koma af stað sprengingum með eða án rafmagns,

t.d. kveikisamstæða, hvellhettur, kveikibúnaður, forsprengjur og kveikiþráður, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:

- þeim tækjum og búnaði sem eru hönnuð til tiltekinna atvinnunota sem eru fólgin í því að virkja eða starfrækja með sprengingu önnur tæki eða búnað sem þjónar ekki þeim tilgangi að koma af stað sprengingum (t.d. öryggispúðauppblásurum í bifreiðum og yfirrafspennuvörum fyrir gangsetningarbúnað úðaslökkvikerfa).

27. Tæki og búnaður, hönnuð fyrir förgun sprengiefna og skotfæra, að undanskildum:

- sprengjuábreiðum og

- ílátum sem eru gerð til þess að umlykja hluti sem vitað er, eða grunur leikur á um, að séu skyndigerður sprengibúnaður.

28. Nætursjónbúnaður og búnaður til varmafræðilegrar myndgerðar og myndskerpupípur eða þar til gerðir hálfleiðaranemar.

29. Réttlínuskornar sprengihleðslur.

30. Sprengiefni og skyld efni samanber eftirfarandi:

- amatól,

- nítrósellulósi (sem inniheldur meira en 12,5% af köfnunarefni),

- nítróglýkól,

- pentaerýtrítól-tetranítrat (PETN),

- pikrýlklóríð,

- tinitorfenýlmetýlnítramín (tetrýl), – 2,4,6-trínítrótólúen (TNT).

31. Sérhannaður hugbúnaður og tækni sem eru nauðsynleg fyrir öll atriði sem eru á listanum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.